



Borgarráð

Tillaga um úthlutun úr Miðborgarsjóði 2021

Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr Miðborgarsjóði Reykjavíkurborgar þann 4. október 2021 og var umsóknarfrestur til og með 25. október 2021. Alls bárust 24 umsóknir að fjárhæð 25.805.000 kr. Til úthlutunar úr Miðborgarsjóði að þessu sinni eru 10 m.kr. Samkvæmt fjárhagsáætlun ársins voru 20 m.kr. í Miðborgarsjóði en 10 m.kr. fóru til úthlutunar í viðburðapott Sumarborgarinnar og var úthlutað úr honum í júní 2021.

Miðborgarsjóður hefur verið starfræktur frá 2017 og er þetta því í fimmta skipti sem úthlutað er úr honum. Fyrstu þrjú árin voru að jafnaði 11 til 16 verkefni styrkt ár hvert en í fyrra voru 32 verkefni sem hlutu styrkt auk þess sem þrjú verkefni voru valin sem samstarfsverkefni jóla- og vetrarborgarinnar. Lagt er til að í ár hljóti 18 verkefni styrk úr Miðborgarsjóði Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt nýju fyrirkomulagi um málefni miðborgar sem borgarráð samþykkti þann 24. september 2020 var tillaga um úthlutun úr Miðborgarsjóði lögð til umsagnar fyrir Samstarfshóp miðborgarmála. Engar umsagnir eða athugasemdir bárust.

Allar umsóknir voru yfirfarnar af fulltrúum frá menningar- og ferðamálasviði og umhverfis- og skipulagssviði. Við mat á umsóknum var horft til þess að forgangsraða umsóknum sem uppfylla skilyrði, markmið og áherslur Miðborgarsjóðs. Áherslur ársins 2021 eru verslun og þjónusta ásamt markaðsmálum og var horft til verkefna og viðburða með grænar áherslur.

Við mat á umsóknum var horft til mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Lagt er til að eftirfarandi verkefni fái styrk úr Miðborgarsjóði fyrir árið 2021, fjárhæðir í krónum talið:

Nafn verkefnis	Upphæð í kr.
Farandtónleikar á WindWorks tónlistarhátíðinni	100.000
Tónleikadagskrá í 12 Tónum	150.000
Fjölómatónlistarhátíð - Surround music festival	200.000
Á Laugavegi - Hver er miðborgin okkar?	240.000
Laugardagshjólreiðar frá Hlemmi í allan vetur og samvinna við Borgarbókasafnið um Hjólabókina	250.000
Milli jóla og páska	300.000
JólaGrandinn	300.000
Ungir listamenn á aðventu	300.000
Aðventutónleikar í verslunum okkar	360.000
Lifandi tónlist í Petersen svítunni	400.000
The Creative Space of Jóhann Jóhannsson - Opin vinnustofa	500.000

Hringekjan Live Sessions	600.000
Óperudagar 101	600.000
MENGI LIFI REYKJAVÍK - fyrirlestraröð í MENGI	600.000
Myndlistarsýningar í tónlistarhúsinu Hörpu	800.000
Fjölbreytt dagskrá á Granda	800.000
Menningarstarf Skuggabaldurs	1.500.000
Tónleikarýmið R6013 býður upp á fjölbreytta viðburðadagskrá fyrir alla aldurshópa	2.000.000
Samtals	10.000.000

Nánari upplýsingar um verkefnin sem lagt er til að verði styrkt má sjá í meðfylgjandi yfirlitsskjali. Í kjölfar samþykktar borgarráðs verður gengið frá úthlutun og samningum eftir því sem við á í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins og styrkjareglur Reykjavíkurborgar.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Yfirlitsskjal – Tillaga til úthlutunar styrkja úr Miðborgarsjóði 2021

Yfirlitsskjal - Allar umsóknir sem bárust Miðborgarsjóði 2021. Trúnaðarmál.

Heiti verkefnis	Hvert er verkefnið	Tillaga að upphæð	
Farandtónleikar á WindWorks tónlistarhátíðinni	Farandtónleikar með klassískri tónlist á ákveðnum stöðum í miðborg Reykjavíkur, í handverksbúðum og galleríum. Frá 23. október til 6. nóvember 2021 var haldin fyrsta WindWorks tónlistarhátíðin og hún helguð blásturshljóðfærum og verða sjö tónleikar sem dreifast milli Listasafns Einarssonar, Safnahúss og Listasafns Reykjavíkur.	100.000 kr	Lagt er til að styrkja Farandtónleika á WindWorks tónlistarhátíðinni um 100.000 kr. í tengslum við viðburð í nóvember
Tónleikadagskrá í 12 Tónum	Dagana 4 - 6 nóvember var haldin lítil tónlistarhátíð í 12 Tónum en þetta er einmitt sá tími sem Airwaves hefði verið. Vitað er að margir koma að utan samt sem áður og einnig eru höfuðborgarbúar vanir að njóta tónlistar á þessum tíma. 12 Tónar hafa verið með í þessu ævintýri frá upphafi og margir séð bönd sem nú eru þekkt koma fyrst fram hjá okkur. Boðið var uppá lifandi tónlist síðdegis frá 17-19 og þar sem ung og efnileg bönd fengu tækifæri til að stíga sín fyrstu skref.	150.000 kr	Lagt er til að Tónleikadagskrá í 12 Tónum fái styrk að upphæð 150.000 kr. til að bjóða upp á lifandi tónlist síðdegis dagana 4-6 nóvember þar sem ung og efnileg bönd fá tækifæri til að koma fram
Fjölómátónlistarhátíð - surround music festival	Tónleikahátíð fyrir fjölómátónlist þar sem flutt verður tónlist sem er unnin fyrir fjölrása uppsetningu í mars 2022. Sett verður upp hágæða 8 rása hljóðkerfi stillt upp í ambisonics hvelvingu, fyrstu sinnar tegundar á Íslandi. Fjölóma (surround) hljóðkerfi sem umvefja áheyrendur skapa á miklu dýpri og heildræni upplifun en hefðbundin tveggja rása hljóðkerfi. Á heimsvisu fjölgar þeim stöðum sem bjóða upp á fjölóma hljóðkerfi, frá einföldum 4 rása uppsetningum upp í 64 "half dome" hvelvingum. til að mynda: IRCAM í París 4Dsound í Berlin, Elektronmusikstudion EMS í Stockholm.	200.000 kr	Lagt er til að verkefnið Fjölómátónlistarhátíð (Surround music festival) hljóti styrk að upphæð 200.000 kr. til að halda tónleika sem unnir eru fyrir fjölrása uppsetningu í Mengi í mars 2022
Á Laugavegi - Hver er miðborgin okkar?	Unnur Sara og Rebekka Sif taka á móti börnum á aldrinum 8 - 12 ára í andyrri Borgarbókasafnsins þar sem þau fá að kynna undrun miðbæjarins, hvernig hann varð til, hvað einkenndi bæjarlífið á 20. öldinni, hvernig lífi börn lifðu, hvaða dýr hafa spókað sig um á Laugaveginum og fleira. Um er að ræða tvo viðburði sem haldnir verða í febrúar 2022.	240.000 kr	Lagt er til að styrkja tvo viðburði Á Laugavegi - hver er miðborgin okkar sem eru í samstarfi við Borgarbókasafnið um 240.000 kr.
Laugardagshjólreiðar frá Hlemmi í allan vetur og samvinna við Borgarbókasafnið um Hjólábókina á vorönn	Hjólafærðir með leiðsögn frá Hlemmi annan hvern laugardag í vetur fram til loka apríl mánaðar á vegum Landssambands hjólreiðamanna og Hjólafærni. Fyrir-hjólari flesta laugardaga verður Árni Davíðsson hjólafærnikennari og formaður Landssamtaka hjólreiðamanna. Unnið er að undirbúningi og því er ekki komin endanleg dagskrá en hún verður kynnt á heimasíðu LHM. Mæting er venjulega milli 10:00 og 10:15 og er hjólað af stað kl. 10:15. Oftast er lagt af stað frá Hlemmi. Um þessar mundir erum við að skapa ramma um vorferðirnar og erum í samningum við Borgarbókasafnið um að velja "Bók mánaðarins" - sem verður þá Hjólábók mánaðarins, með sögusvið í Reykjavík. Þannig verður auglýst með góðum fyrirvara hver bókin verður og almenningur hvattur til að lesa hana og koma svo í hjólafærð undir leiðsögn fulltrúa Borgarbókasafnsins, sem leiðir okkur um sögusvið bókarinnar. Stefnum að því að þetta verði 2 - 4 bækur og erum að skoða tengingu við Barnamenningarhátíð 2022 og Safnanótt í febrúar.	250.000 kr	Lagt er til að styrkja Hjólafærni á Íslandi og Landsamtök hjólreiðamanna um 250.000 kr. til að bjóða uppá laugardagshjólreiðar frá Hlemmi annan hvern laugardag í vetur og fram til loka apríl mánaðar
Milli jóla og páska	Verkefnið er með vinnuheitíð "Milli jóla og páska" og snýst um að fá alla fjölskylduna til að koma í Bókasamlagið Skipholti 19 sem opnar í nóvember eða desember og gleðjast saman þar sem rithöfundar lesa úr bókum sínum, við stigum dans og skemmtum okkur saman. Um er að ræða samkomur á laugardags- og/eða sunnudagsmorgnum frá jólum fram til páska. Markmiðið er að fá fjölskyldur í holtahverfi, og allri borginni til að koma og eiga notalega stund við lestur bóka dans og slíks og njóta góðs kaffis í leiðinni. Þetta eru um það bil tveir tímar í senn frá klukkan 10.00 til 12.00 þar sem dagskráin væri skipulögð fyrir krakkana og foreldrarnir geta setið og notið kaffisopans á meðan.	300.000 kr	Lagt er til að styrkja verkefnið "Milli jóla og páska" um 300.000 kr. til að standa fyrir samveruverkefnum á nýju kaffihúsi/bókabúð í Skipholti 19
JólaGrandinn	Verkefnið JólaGrandinn er uppsetning á jólaþorpi á bryggjunni á Granda þar sem boðið verður uppá jóladagskrá um helgar á aðventunni. Hugmyndin er að setja upp jólahús og bjóða fyrirtækjum á Grandanum að kynna starfsemi sína, listsköpun og vörur fjórar helgar fyrir jól. Með þessu er hægt að draga saman fyrirtæki á Grandanum á einn stað og sýna hversu fjölbreytt starfssemi í raun og veru á sér stað á Grandanum. Hugmyndin er að vera með jóladagskrá á laugardögum og sunnudögum frá kl. 14.00 – 17.30, frá 29. Nóvember – 21. Desember. Bryggjusvæðið sem um ræðir verður mjög hátíðlegt. Skreytingar, tónlistaratriði, leikhópar, jólasveinar, smákökur og kakó fyrir börn á öllum aldri. Gaman væri að tengja þetta svæði inn á jólagögnuleiðir í miðborginni þar sem Jólaþorpið væri upphafið eða endirinn á góðri miðborgar göngu um mismunandi jólasvæði borgarinnar.	300.000 kr	Lagt er til að JólaGrandinn fái styrk að upphæð 300.000 kr. til að setja upp jólaþorp á bryggjunni á Granda og standa fyrir jóladagskrá um helgar á aðventunni.
Ungir listamenn á aðventu	Tónleikar ungra listamanna í 12 Tónum fjóra laugardaga á tímabilinu 27. nóvember til 18. desember. Markmiðið er að gefa ungu tónlistarfólki tækifæri til að gleðja og skapa stemningu og fá greitt fyrir að koma fram á aðventunni í 12 Tónum. Samhliða þessu verður settur upp jólamarkaður í garðinum bakvið búðina. Að þessu sinni munu fjórar ungar tónlistarkonur fá tækifæri til að koma fram.	300.000 kr	Lagt er til að Ungir listamenn á aðventu hljóti styrk að upphæð 300.000 kr. til að halda tónleika ungra listamanna í 12 Tónum fjóra laugardaga á tímabilinu 27. nóvember til 18. desember.
Aðventutónleikar í verslunum okkar	Haldnir verða þrennir tónleikar í verslunum Epal, Yeoman og Stefánsbúð/p3á Laugavegi á aðventunni og áhersla lögð á að styðja við íslenskar tónlistarkonur.	360.000 kr	Lagt er til að styðja verkefnið Aðventutónleikar í verslunum okkar um 360.000 kr. til að halda þrenna tónleika á aðventunni í verslunum á Laugavegi

Lifandi tónlist í Petersen svíttunni	Síðastliðin ár hefur verið boðið upp á lifandi tónlist yfir vetrarmánuðina í Petersen svíttunni eða frá sept-mai. Við gátum því miður ekki gert það í fyrra vegna covid en vonumst til þess að geta farið aftur af stað. Við höfum boðið gestum og gangandi upp á lifandi tónlist alla fimmtudaga frá kl.21-23. Okkur langar einnig að geta boðið upp á léttu pianótóna 1-2 laugardaga í mánuði, þá í samstarfi við FÍH eða MÍT. Á fimmtudögum höfum við bæði verið að bóka tónlistarenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í bland við reyndari tónlistarmenn. Um er að ræða tímabilið nóvember 2021 til loka maí 2022 og gert ráð fyrir að vera með allt að 25 viðburði á fimmtudögum. Til viðbótar við það má áætla 7-14 skipti af lifandi pianóleik í samstarfi við nemendur í MÍT & FÍH. Markmið verkefnisins er að efla menningarlíf í borginni og jafnframt gefa tónlistarfólki tækifæri á að spila.	400.000 kr	Lagt er til að styrkja verkefnið Lifandi tónlist í Petersen svíttunni um 400.000 kr. til að halda lifandi tónlistarviðburði á fimmtudögum og laugardögum í vetur
The Creative Space of Jóhann Jóhannsson - Opin vinnustofa	Um þessar mundir vinna Orri Jónsson, Davíð Stefánsson og Eyja Orradóttir að veglegu bókverki og heimildarmynd um tónskáldið, tónlistarmanninn og kvikmyndargerðarmanninn Jóhann Jóhannsson. Ætlunin er að hafa opna vinnustofu í Stak, nýju listrými að Hverfisgötu 32 í Reykjavík þar sem áhugasamir geta kynnt sér nálgun höfunda bókarinnar og heimildarmyndarinnar, skoðað efnið sem liggur að baki verkanna og þannig kynnst Jóhanni á áður ómögulegan hátt.	500.000 kr	Lagt er til að The Creative Space of Jóhann Jóhannsson fái styrk að upphæð 500.000 kr. til að halda opna vinnustofu í Stak
Hringekjan Live Sessions	Frá opunarhelgi Hringekju í kanúar á þessu ári höfum við staði fyrir hálfis mánaðarlegum tónlistarviðburðum í verslunarrými Hringekjunnar að Þórunnartúni 2 undir nafninu Hringekjan Live Sessions, en þar höfum við fengið til liðs við okkur fjölbreytilega og glæsilega listamenn af höfuðborgarsvæðinu sem við höfum verið svo lánsöm með að hafi verið flestir tilbúnir til að gefa sína vinnu til að styðja við þetta verkefni. Okkur langar að halda áfram að þróa þetta verkefni í þá átt að útbúa vettvang fyrir tónlistarfólk til framkomu, kynningar og tekjuöflunar. Tilgangur verkefnisins er að bjóða ungum, öldnum, innlendum sem og erlendum listamönnum uppá vettvang til flutnings, kynningar og tekjuöflunar í fullu samræmi við stefnu Hringekjunnar þar sem okkar markmið er að hampa fjölbreytileikanum líkt og við höfum gert fram að þessu. Hringekjan er og verður alltaf fyrir alla.	600.000 kr	Lagt er til að Hringekjan Live Sessions hljóti styrk að upphæð 600.000 kr. til að halda 2-3 tónlistarviðburði á mánuði í verslunarrými Hringekjunnar í vetur
Óperudagar 101	Verkefnið felst í að halda 4 stóra söng- og menningarviðburði í 101 Reykjavík í nóvember 2021. Markmiðið með viðburðunum er að beina athygli að fjölbreyttu starfi klassískra söngvara á Íslandi og tengja störf þeirra við málefni liðandi stundar, barnamenningu, nýsköpun og miðborgina. Þeir eru: - Ljóð fyrir loftslagið sem er stórt norrænt barnaverkefni þar sem frumflutt verða 7 ný íslensk og norræn verk sem voru samin við ljóð íslenskra og norræna barna sem samin voru með þemað „Ljóð fyrir loftslagið“ í huga. - Málþing í samstarfi við Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús, Mariu Huld Markan Sigfúsdóttur og Sverri Norland 4. nóvember þar sem athyglinni var beint að listafólki og loftslagsmálunum og hvaða máli framlag þeirra til málaflokksins skiptir. - Little Match Girl Passion og sálmar eftir Hildgunni Rúnarsdóttur f. 4 söngvara - tónleikar í Fríkirkjunni 7. nóvember 2021 þar sem áheyrendur gátu litið inn á við í fríðsælu umhverfi og notið eins vinsælasta og fegursta verks David Lang á Íslandi. - Fidelio - atлага að óperu í Hörpu 19. nóvember.	600.000 kr	Lagt er til að styrkja verkefnið Óperudagar 101 um 600.000 kr. til að standa undir kostnaði við fjóra stóra söng- og menningarviðburði í miðborginni í nóvember
MENGI LIFI REYKJAVÍK - fyrirlestraröð í MENGI	Fyrirlestraröð um ýmis áhugaverð málefni þar sem Reykjavík er í miðdepli, frá einu eða öðru sjónarhorni. Ætlunin er að fá fróða einstaklinga um tiltekin málefni og segja frá á lifandi hátt frá einstaklingum, hópum og atburðum sem hafa litað mannlífið í Reykjavík í gegnum tíðina og sem höfðu áhrif á menningarlífið í leiðinni. Sem dæmi mætti taka SÚM hópinn, spænsku veikina, hernámið, sögu upptaka á tónlist í borginni, hljóðfærasmíði í heimabyggð, ákveðin skáldverk þar sem Reykjavík var sögusviðið o.s.frv.	600.000 kr	Lagt er til að MENGI LIFI REYKJAVÍK - fyrirlestraröð MENGI hljóti styrk að upphæð 600.000 kr. til að standa straum af kostnaði við sex fyrirlestra í janúar og febrúar 2022 um ýmis áhugaverð málefni þar sem Reykjavík er í miðdepli
Myndlistarsýningar í tónlistarhúsinu Hörpu.	Myndlistarsýningar á vegum Listvals í tónlistarhúsinu Hörpu. Sótt er um styrk fyrir myndlistarsýningum í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi næstu sex mánuði. Um er að ræða fremsta rýmið við aðalinngang Hörpu sem er eitt fallegasta rýmið í húsinu. Listval hefur fengið rýmið á leigu frá desember til maí en verkefnið er tilraunaverkefni til sex mánaða með það að leiðarljósi að þarna verði Listval með aðsetur til frambúðar. Hugmynd okkar er að skapa þessu rými fallega og fagaða umgjörð í formi myndlistarsýninga og gallerís. Sýningarnar verða fjórar talsins á þessum tíma, með verk eftir þekktu íslenska listamenn sem skara fram úr á myndlistarsviðinu en einnig verk eftir unga og upprinnandi listamenn.	800.000 kr	Lagt er til að Myndlistarsýningar á vegum Listvals í tónlistarhúsinu Hörpu hljóti styrk að upphæð 800.000 kr. til að standa straum af kostnaði við að setja upp fjórar sýningar í vetur
Fjölbreytt dagskrá á Granda	Sótt er um styrk fyrir fimm sýningarverkefnum sem fram fara í listamannarekna rýminu Open á Grandagarði 27 á tímabilinu janúar til maí 2022. Open er bæði vinnustofa og listamannarekið sýningarrými stjórnað af Arnari Ásgeirssyni, Hildgunni Birgisdóttur, Unu Margrétu Árnadóttur og Erni Alexander Ámundasyni á Grandagarði 27 í Reykjavík. Rýmið er um 100m2 að stærð. Fyrir hverja sýningu fjarlægjum við vinnuáðstöðuna og rýmið breytist í sýningarrými í nokkrar vikur. Við erum með fimm einkasýningar og um fimm viðburði á ári. Á árinu 2021 voru við með fjölbreyttar uppákomur og einkasýningar, þar má nefna sýningarverkefni eftir finnska listamanninn Aapo Nikkanen, Unu Margrétu Árnadóttur og listahópin Lucky 3 sem hluta af Sequences listahátíð og dansverk eftir Gígu Jónsdóttur.	800.000 kr	Lagt er til að verkefnið Fjölbreytt dagskrá á Granda fái styrk að upphæð 800.000 kr. til að halda viðburði og sýningar í Open á Granda

Menningarstarf Skuggabaldurs	Djassbúllan Skuggabaldur opnaði dyr sínar 8. júlí sl. og hefur staðið fyrir lifandi tónlist á hverju kvöldi frá opnun. Flytjendur mynda fjölbreyttan hóp; allt frá reynsluboltum eins og Þóri Baldursyni (f. 1944) yfir í vonarstjörnur íslensku jasssenunnar sem enn eru í námi í helstu tónlistarskólum heims eins og Bjarni Már Ingólfsson (f. 97) og Anna Gréta Sigurðardóttir (f. 94). Og allt þar á milli. Öll mánudagskvöld höldum við jam-session sem leitt er af Mánudjassbandinu þar sem hver sem er getur stigið á svið og spreytt sig með reyndari tónlistarfólki og öðlast mikilvæga reynslu í bankann. Einnig stöndum við fyrir mánaðarlegum jamkvöldum í samstarfi við rýtmísku deildir FÍH og MÍT þar sem nemendur fá að spreyta sig á sviði Skuggabaldurs. Öll sunnudagskvöld er áhersla lögð á sunginn djass þar sem að kvenkyns tónskáld og flytjendur hafa verið í fyrirrúmi. Dagskrá annara kvölda reynum við að hafa eins fjölbreytta og spennandi og kostur er og teflum fram hágæða jass og traditional tónlist kvöld eftir kvöld. Markmið menningarstarfs Skuggabaldurs er að efla tónlistarlíf borgarinnar með kraftmikilli og metnaðarfullri tónlistardagskrá. Með því að hafa lifandi tónlist á hverju kvöldi skapast tækifæri fyrir tónlistarfólk að prófa og þróa sínar hugmyndir í öruggu umhverf og þ.a.l. vaxa og eflast sem tónlistarfólk.	1.500.000 kr	Lagt er til að styrkja "Menningarstarf Skuggabaldurs" um 1,5 mkr. til að standa straum af kostnaði við daglega jassviðburði þar sem ungir listamenn hafa möguleika á því að koma fram auk þess sem verkefnið er unnið í samstarfi við FÍH og MÍT
Tónleikarýmið R6013 býður upp á fjölbreytta viðburðadagskrá fyrir alla aldurshópa	Sótt er um styrk til að halda viðburði 1-2 í viku í vetur í tónleikarýminu R6013 sem staðsett er í Ingólfsstræti. Tónleikar í R6013 eru alltaf opnir öllum. Ekki er rúkkad inn og engin aldurstakmörk sett, sem er undirstrikað með því að tónleikar eru ávallt innan afmarkaðs útivistartíma ungmenna (yfirleitt frá 18:00 og ávallt lokið fyrir 22:00). Áhersla er lögð á að jafna kynjahlutföll á tónleikum og tengja saman ólíka hópa og ýta undir samvinnu og nýjar tengingar. R6013 hefur boðið upp á fjölbreytta tónleikadagskrá síðan vorið 2017, en á þeim tíma hafa verið haldnir á annað hundrað tónleika og annars konar viðburða í rýminu. Rýmið hefur fest sig í sessi sem mikilvægur kjarni grasrótarinnar í Reykjavík og fyrir það var ég (Ægir) útnefndur sem einn af framúrskarandi ungmennum norræna tónlistarbransans (Nordic Music Biz' Top 20 Under 30). Þar mætast ólíkar stefnur og straumar og gestir fá gullin tækifæri til að hugsa út fyrir rammann og kynnst nýjum tónlistarstefnum og listformum. Svartmálmshljómsveitir spila með indírokkurum og raþpoppurum og ljóðskáld lesa meðal ræfjarokkara og gruggara. Rýmið er ekki bundið ákveðinni stefnu eða ákveðnum hópum og leggur mikið upp úr því að bjóða ólíkum hópum rými til að blandast. Á döfinni er fjöldi mismunandi tónleika, auk tilrauna- og stuttmyndakvölda og hljóð-/myndverkasýninga. Í sumar var einnig haldin myndlistarsýning í rýminu og stendur nú til að nýta einn vegg rýmisins undir stóra veggmynd sem verður skipt um með reglulegu millibili og samhliða því haldnar myndlista- og fjöllistasýningar.	2.000.000 kr	Lagt er til að Tónleikarýmið R6013 hljóti styrk að upphæð 2 m.kr. til að standa fyrir fjölbreyttum viðburðum s.s. tónleikum, tilrauna- og stuttmyndakvöldum og hljóð- og myndverkasýningum 1-2 sinnum í viku í vetur

Samtals 10.000.000 kr